

17. Stjórnarfundur, 12. febrúar 2014, kl. 8:15

Mætt: Þorvarður Árnason, Tinna Björk Arnardóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir, Árdís Erna Halldórsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir og Fanney Björg Sveinsdóttir

Forföll boðuðu: Vala Garðarsdóttir  
Fundarstjóri: Ragnhildur Jónsdóttir  
Fundarritari: Kristín Hermannsdóttir

Dagskrá - aukafundur um málefni Nýheima og ráðningu starfsmanns

1. Ósk frá Söderhamn um samstarfsverkefni.

Ragnhildur sagði frá umsókn sem er í vinnslu um samstarfsverkefni þar sem Hornafjörður og CFL í Söderhamn sækja saman um styrk til Norrænu ráðherranefndarinnar. Þessi umsókn var rædd í Bæjarráði Hornafjarðar og samþykkt þar 10.febrúar 2014. Markmiðið er að styrkja íbúa og sérstaklega ungt fólk sem býr í sveitarfélögunum. Þrjár leiðir eru nefndar; aðgangur að menntun, að hvetja ungt fólk til að stofna fyrirtæki og reka núverandi fyrirtæki og nýta tækni í þágu tækifæra og vinna með lýðræðið. Stjórn Nýheima samþykkti að koma að þessu verkefni í samvinnu við sveitarfélagið og er það áhugavert fyrir nýjan starfsmann Nýheima að vinna að þessu, ef styrkurinn fæst. Verkefnið er í anda Nýheima og nær einkum til aldurshópsins 16-30 ára, en könnun sem gerð var fyrir nokkrum árum á vegum sveitarfélagsins sýnir að stuðning vantar við þann aldurhóp. Gott að geta fylgt könnuninni eftir með þessu verkefni. Nýheimar þurfa að gæta þess að hafa skýr markmið um hvað við viljum fá út úr verkefninu. Ákveðið var að Tinna og Ragnhildur taki umsóknina og setja inn í hana upplýsingar um Nýheima og Höfn.


Sagt var frá mögulegum fyrirlesara um brottfall fólks af landsbyggðinni; Þóroddur Bjarnason í Háskólanum á Akureyri.

2. Ráðning starfsmanns.

Farið var yfir auglýsingu um starfsmann Nýheima. Skiptar skoðanir fundarmanna voru um hvort auglýsa ætti eftir forstöðumanni eða verkefnastjóra, en rök eru fyrir kostum og göllum beggja starfsheita í auglýsingunni. Meirihluti var þó fyrir því að auglýsa eftir verkefnastjóra.

Ákveðið að Tinna hefði samband við fyrrum starfsmann Capasent til að fá utanaðkomandi álit á endanlegu starfsheiti áður en auglýst verður.

Fundi slitið kl. 9.30



Ragnhildur Jónsdóttir



Kristín Hermannsdóttir